

Miðvikudaginn 5. mars 1997.

Nr. 15/1996.

**Farmanna- og fiskimannasamband Íslands  
vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags  
Norðlendinga**

(Jóhann Halldórsson hdl.)

gegn

**Landssambandi íslenskra útvegsmanna f.h.  
Útvegsmannafélags Norðurlands vegna  
Sæbergs hf.**

(Jónas Haraldsson hdl.)

Kjarasamningur. Skiptakjör. Sératkvæði.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta, sem dómtekið var 26. febrúar sl., var höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 25. nóvember sl. og þingfestri 28. nóvember sl.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Atli Gíslason.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Borgartúni 18, Reykjavík vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, Skipagötu 14, Akureyri.

Stefndi er Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., Aðalgötu 16, Ólafsfirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að stefndi hafi brotið gegn grein 1.03. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar, með því að hafa lagt til grundvallar rangt aflaverðmæti við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis.

Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 265.537 samkvæmt grein 1.53. í sama kjarasamningi.

Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefn-

andi verði dæmdur til að greiða stefnda málkostnað að mati dómsins.

*Málavextir.*

Í stefnu er málavöxtum lýst svo að ágreiningur hafi orðið með aðilum um túlkun á orðalagi greinar 1.03. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Umrædd grein 1.03. í kjarasamningi aðila er svohljóðandi:

„Um sölu afla innanlands.

Yfirmönnum skal tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði.

I. Almennt.

Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn, lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimum . . .“

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að fyrirtækið Sæberg hf. hafi kosið að túlka ofangreind ákvæði kjarasamnings aðila á þann veg að til skipta komi aðeins sá hluti af verðmæti afla sem greiddur er með peningum. Þannig byggi stefndi á því að þrátt fyrir að kaupandi afla greiði fyrir hann bæði með peningum og kvóta þá skuli aðeins gert upp gagnvart skipverjum miðað við peningagreiðslur sem inntar eru af hendi í viðskiptum útgerðar og fiskkaupanda. Í þessum viðskiptum, sem gjarnan hafi verið nefnd „tonn á móti tonni“, fái útgerðarmaður raunverulega tvenns konar greiðslu fyrir landaðan afla. Annars vegar fái útgerðin peningagreiðslu miðað við magn og hins vegar fái hún kvóta í formi aflamarks þeirrar fisktegundar sem viðskiptin varða. Stefndandi og önnur heildarsamtök sjómanna hafi ítrekað mótmælt þessum uppgjörsháttum bæði gagnvart einstökum fyrirtækjum eins og Sæbergi hf. og við stefnda sem fulltrúa útgerðarmanna. Þann 27. mars 1996 sendi Sjómannasamband Íslands Sæbergi hf. bréf þar sem þess var krafist að gert yrði upp gagnvart sjómönnum á skipi Sæbergs hf. miðað við raunverulegt aflaverðmæti. Svarbréf barst frá stefnda þann 9. apríl 1996. Samkvæmt skilningi stefnda, Landssambands íslenskra útgerðarmanna, teljist það

aflamark, sem greitt var fyrir aflann með, ekki til heildarverðmætis afla í skilningi greinar 1.03. í kjarasamningi aðila. Að mati stefnda feli yfirfærsla aflamarks við kaup á umræddri iðnaðarrækju ekki í sér greiðslu fyrir afla. Orðrétt segir í bréfi stefnda: „Um er að ræða að fiskkaupandinn útvegar útgerð skips og áhöfn viðbótarveiðiheimildir til þess að hægt sé að halda skipinu lengur til veiða en ella. Á móti er fiskkaupandinn eðlilega ekki reiðubúinn til að greiða jafnhátt verð fyrir rækjuafllann, sem hann kaupir eins og hann myndi gera, ef veitt væri alfarið af eigin kvóta viðkomandi skips.“

*Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.*

Stefnandi byggir málsókn sína á því að Sæbergi hf. hafi verið skylt að gera upp aflaverðmæti við félagsmenn stefnanda í samræmi við ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiski-mannasambands Íslands hins vegar.

Samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum kjarasamningsins beri útgerð-armönnum að greiða laun miðað við það heildaraflaverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann. Málsókn þessi byggir á því að við uppgjör aflahlutar hafi Sæberg hf. lagt til grundvallar rangt aflaverðmæti við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis. Að mati stefnanda hefur Sæberg hf. brotið gegn kjarasamningum með þessari háttsemi.

Í þessu sambandi er byggt á því af hálfu stefnanda að í tengslum við umrætt tilvik verði að skilja ákvæði kjarasamnings aðila á þann veg að heildargreiðsla fyrir aflann hafi verið í tvennu lagi, annars vegar í formi peningagreiðslu og hins vegar í formi greiðslu með aflamarki. Að mati stefnanda ber að skilja grein 1.03. í samningi aðila á þann veg að útgerðarmaður verði að meta þann hluta aflans, sem greiddur er í öðru en peningum, til peningaverðs og telja þá fjárhæð ásamt peningagreiðslum, sem fyrir aflann koma, til heildar-aflaverðmætis í skilningi greinarinnar. Við mat á peningalegu virði aflamarksins beri að miða við almennt gangverð á því aflamarki sem greitt er með á fiskmörkuðum. Að mati stefnanda fela uppgjörshættir Sæbergs hf. í sér að yfirmenn á skipum fyrirtækisins séu í raun látnir taka þátt í útgerðarkostnaði. Auk þess fái þeir lægra verð fyrir það sem aflað er en útgerðarmaður með þessum uppgjörsháttum.

Sá hluti kjarasamnings aðila sem snýr að hlutaskiptum sé grundvöllur að launakerfi sjómanna. Alkunna sé að laun sjómanna ráðist

nær eingöngu af aflaverðmæti því sem skip kemur með að landi. Ljóst sé að verðmæti aflans, í skilningi greinar 1.03. í tilvitnuðum kjarasamningi aðila, geti ekki verið háð einhliða ákvörðun útgerðarmanns enda væri algerlega þýðingarlaust að semja um skiptaprósentu með kjarasamningsgerð ef útgerðarmaður gæti síðan breytt forsendum útreiknings að eigin hentugleika. Sú háttsemi Sæbergs hf. að miða uppgjör launahluta og greiða skipverjum laun miðað við kr. 115 per/kg, þegar fyrirtækið raunverulega hafi selt sama afla fyrir tæplega tvöfalt verð, feli að mati stefnanda í sér brot á kjarasamningi aðila.

Ótvírætt sé að skýra verði hina umdeildu grein kjarasamnings aðila þannig að allt það verðmæti sem skip komi með að landi úr veiðiferð komi til skipta við ákvörðun launahluta. Í grein 1.03. í kjarasamningi aðila sé skýrlega talað um að við hlutaskipti skuli miða við það heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann. Af þessu sé augljóst að öll verðmæti komi til skipta og í þeim efnun skipti ekki máli hvort greitt sé fyrir aflann með peningum eða einhverju öðru. Ef greitt er með öðrum verðmætum en peningum verði að meta þær greiðslur til peningavirðis og skipta þeim verðmætum eins og kjarasamningar gera ráð fyrir.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Af hálfu stefnda er því haldið fram að krafa stefnanda eins og stefndi skilji hana sé sú að uppgjör til áhafnar verði tvískipt. Annars vegar greiðsla vegna sölu þess hluta aflans, sem veiddur var af eigin kvóta skipsins, þ.e. kr. 115 pr. kg. Hins vegar verði uppgjör vegna þess hluta aflans sem veiddur var af veiðiheimildum fiskkaupandans gerður þannig upp til hlutaskipta að fyrir landaðan afla fáist kr. 115 pr. kg og að auki verði bætt við kr. 80 pr. kg sem sé það verð sem eigandi rækjukvótans, þ.e. fiskkaupandinn, hefði getað fengið fyrir hver kíló af rækjukvóta sínum á þessum tíma hefði hann selt rækjukvótann á kvótamarkaði en ekki látið stefnda, Sæberg hf., veiða kvótann. Samtals eigi því að greiða kr. 195 pr. kg fyrir helming aflans, en kr. 115 pr. kg fyrir hinn helminginn. Krafa stefnanda sé því í raun sú að til hlutaskipta komi kr. 115 pr. kg fyrir þann hluta aflans, sem veiddur var af eigin kvóta, en kr. 195 pr. kg fyrir þann afla, sem teljist veiddur af veiðiheimildum fiskkaupanda. Sé þetta kjarni málsins í kröfugerð stefnanda. Í þessu sambandi er áréttað að hæsta rækjuverð á iðnaðarrækju á þessum tíma hafi verið kr. 160-

170 pr. kg samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands og lægsta verð kr. 80. Síðan þá hafi rækjuverðið lækkað verulega.

Stefndi telur að krafa stefnanda um að fá greiðslur bæði fyrir landaðan afla og að auki söluverð kvótans og skipta andvirði veiðiheimilda fiskkaupandans eftir að búið er að veiða þær einnig upp til hlutaskipta fái ekki staðist. Enginn geti bæði veitt fisk og selt aflann og að því loknu selt síðan veiddan kvóta sem annar aðili á eða látið meta hann til verðs og bætt andvirði kvótasölunnar við söluverð aflans og fengið þannig nær tvöfaldar greiðslur fyrir og kallað það heildarverðmæti afls.

Í máli þessu sé deilt um fiskverð til hlutaskifta, þ.e. hvort kr. 115 pr. kg hafi verið of lágt verð fyrir landaðan afla. Deila snúist því eingöngu um ákvörðun fiskverðs, þegar svokallað tonn á móti tonni fyrirkomulag er notað, en það sé mjög algengt fyrirkomulag og hafi tíðkast frá því kvótakerfið var tekið upp. Semji aðilar sín í milli um fiskverðið á hverjum tíma, eins og kjarasamningar geri ráð fyrir, en rækjuverð hafi sveiflast mjög síðustu misseri.

Fram til ársins 1991 hafi fiskverð verið ákvarðað af Verðlagsráði sjávarútvegsins fyrir landið í heild. Árið 1991 var fiskverðið gefið frjálst, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1991 um breytingu á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Sé þar gert ráð fyrir að fiskseljendur, þ.e. útgerð og skipverjar, semji um fiskverðið við viðkomandi fiskkaupanda, sé aflinn ekki seldur á fiskmarkaði.

Með lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða var komið á svonefndu aflamarkskerfi, sem heimilar framsal veiðiheimilda (kvóta). Fljótlega komu fram kvartanir hjá sjómönnum um áhrif framsals kvóta á ákvörðun um fiskverð, sem sjómenn töldu hafa áhrif til lækkunar fiskverðsins. Taldi sjómannaforystan að enginn munur væri annars vegar á sameiginlegum kvótakaupum, þ.e. beinni þátttöku sjómanna í kvótakaupum, með peningagreiðslum, sem dregnar voru af hlut þeirra, áður en til hlutaskipta kom, og hins vegar óbeinum áhrifum á ákvörðun fiskverðs, að veiða kvóta þriðja aðila og leggja upp aflann hjá honum.

Með lögum nr. 79/1994 um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna var fest í lög, að kröfu sjómanna, ákvæði um stofnun nefndar sjómanna og útvegsmanna er skyldi fjalla um álitaeftni og ágreining er tengdist áhrifum viðskipta með veiðiheimildir á uppgjör á aflahlut sjómanna, sbr. 1. gr. laganna. Í 10. gr. laganna er lögfest

bann við því að heimilt verði að draga kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum frá heildarverðmæti afla, áður en til hlutaskipta kemur, þ.e. svokölluð sameiginleg kvótakaup bönnuð. Hafi hér í reynd verið lögfest þau ákvæði sem samtök sjómanna og útvegsmanna hafi samið um í kjarasamningum 26. apríl 1992. Lög þessi, sbr. 10. gr., leggi því bann við sameiginlegum kvótakaupum, en banni ekki tonn á móti tonni og að veitt sé af kvóta þriðja aðila alfarið. Sé aftur á móti bersýnilega ósanngjarnt viðmið notað sem grundvöllur skiptakjara í tengslum við þetta skuli samstarfsnefndin fjalla um fiskverðið.

Með lögum nr. 84/1995 um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna er samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna lögð niður og áðurnefnd úrskurðarnefnd tekur við. Ástæða þessa hafi fyrst og fremst verið sú að samstarfsnefndin hafi eingöngu gefið álit en niðurstöður hennar hafi ekki verið bindandi fyrir aðila gagnstætt niðurstöðum úrskurðarnefndarinnar. Jafnframt sé lögfest samkomulag í kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna hvernig skuli standa að ákvörðun fiskverðs við uppgjör á aflahlut áhafna einstakra skipa, sbr. t.d. kjarasamning F.F.S.Í. og L.Í.Ú. gr. 1.03. II. og III.

Mál það sem hér er til umfjöllunar snúist alfarið um forsendur fyrir ákvörðun fiskverðs. Óumdeilt er að greitt var fyrir rækjuafllann kr. 115 pr. kg sem greitt var til áhafnar skv. hlutaskiptareglum. Fiskverð sé frjálst. Um ráðstöfun afla í skiptum milli óskyldra aðila er fjallað um í kjarasamningum aðila gr. 1.03. III, en þar segir:

„III. um ráðstöfun afla í skiptum milli óskyldra aðila.

Þegar afli er seldur milli óskyldra aðila, skal skipt úr því verði sem fyrir aflann fæst hverju sinni, sbr. 1. mgr. I. kafla. Ef afli er seldur beint milli óskyldra aðila án milligöngu innlendra eða erlendra fiskmarkaða, getur áhöfn krafist samnings um uppgjörsverð fyrir þann afla.

Kjósi áhöfn að kalla eftir slíkum samningi, skal það gert með minnst fimm sólarhringa fyrirvara og skal samningstími ekki vera lengri en þrír mánuðir. Náist ekki samkomulag um uppgjörsverð milli meirihluta áhafnar og útgerðar, skal vísa málinu til úrskurðar nefndar, skv. II. kafla, og skal þá taka tillit til heildarárstöfunar aflans. Nefndin skal flýta störfum eins og kostur er og náist ekki samkomulag innan sjö sólarhringa skal kveðinn upp úrskurður innan

fjögurra sólarhringa. Fiskverð samkvæmt þessu skal gilda frá því úrskurður fellur, nema samkomulag sé um annað“.

Það rækjuverð, sem fiskkaupandi greiddi áhöfn og útgerð b.v. Hvannabergs ÓF-72, hafi aðilar sætt sig við. Engin ósk hafi komið fram hjá áhöfninni um samning um annað og hærra rækjuverð og heimild til að kæra rækjuverðið til úrskurðarnefndarinnar hafi ekki verið notuð. Engar kvartanir eða óánægja um þetta rækjuverð hafi komið fram, nema hjá Einari Sveinssyni eftir að hann hafi horfið fyrirvaralaust úr skiprómi. Krafa einstaks skipverja eftir að hann er hættur störfum um hækkun fiskverðs komi ekki til.

Stefndi, Sæberg hf., hafi greitt Einari Sveinssyni af heildarverði því, sem fiskkaupandi greiddi fyrir aflann, þ.e. kr. 115 pr. kg, eins og 1. gr. laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun áskilur. Aðrar greiðslur hafi ekki komið fyrir aflann. Með orðinu „heildarverðmæti“, þ.e. hráefnisverð til skipta, sé átt við allar þær greiðslur sem fiskkaupandi greiðir fyrir aflann, sbr. almennar athugasemdir með lögnum og greinargerð með 1. gr. laganna. Hafi stefndi því ekki brotið í bága við lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, né ákvæði kjarasamninga þegar hann gerði upp til hlutaskipta við Einar Sveinsson skipverja á Hvannabergi ÓF-72, sem hafi fengið greitt úr sömu greiðslum fyrir aflann og útgerðin.

Kjarni málsins sé sá að veiðiheimildir fiskkaupandans, sem hann á og leggur til og lætur veiða fyrir sig, séu ekki greiðsla fyrir landaðan afla, eins og stefnandi heldur fram. Leggi fiskkaupandi til veiðiheimildir hafi það áhrif á það fiskverð sem fiskkaupandinn er tilbúinn að greiða fyrir landaðan afla. Lægstu verðin hafi gjarnan verið í þeim tilvikum þar sem skip er alveg kvótalaust og fiskkaupandinn leggur skipi til allan kvótann. Samkvæmt kenningum sjómannaforystunnar, ef réttar væru, ætti áhöfnin í slíkum tilfellum að fá skipt úr fiskverðinu og úr andvirði kvóta fiskkaupandans að auki, þar sem það væri hluti af greiðslu fyrir aflann, sem útgerðarmaðurinn stingi í eigin vasa og undan skiptum. Sé verðið til þeirra kvótalausú skipa, sem veiða alfarið af kvóta fiskkaupandans, t.d. kr. 90 og kvótaverð á kvótamarkaði kr. 80 væri verðið kr. 170 pr. kg hjá kvótalausum skipum, þ.e. mun hærra en þegar veitt er af eigin kvóta. Slíkt fái að sjálfsgöðu engan veginn staðist.

Málið varðandi tonn á móti tonni gangi þannig fyrir sig.

Fiskverkandi bjóði útgerðarmanni að veiða kvóta sem hann hafi

yfir að ráða og leggja upp aflann í fiskverkun sinni, enda leggi útgerðin upp sama aflamagn af eigin kvóta skipsins. Fyrir þetta hvoru tveggja bjóði fiskkaupandinn eitt ákveðið fiskverð, sem sé lægra en þegar skip hefur alfarið lagt upp afla af eigin kvóta, en herra en þegar veitt er alfarið af kvóta fiskkaupandans. Þetta geti sjómannaforystan ekki sætt sig við og tali um þátttöku sjómanna í kvótakaupum, eða að sjómenn séu látnir taka þátt í fjármögnun kvótakaupa útgerðar. Engin skylda hvíli á útgerð skv. kjarasamningum að kaupa kvóta er dugi skipinu til veiða allt árið, enda hafi útgerðin ekki fjárhagslegt bolmagn til þess. Af þeim sökum sé gripið til þess ráðs að fara að veiða fyrir aðra til að leggja upp allan aflann hjá þeim, jafnvel þótt útgerðin reki sjálf fiskverkun og sárvanti hráefni til að vinna þar.

Veiðiheimildir fiskkaupandans, sem hann lætur veiða fyrir sig, sé ekki greiðsla fyrir aflann til viðbótar verðinu sem fiskverkandinn greiðir fyrir aflann. Skipverjarnir fái að fullu skipt úr öllu því aflaverðmæti, sem fæst fyrir aflann, á sama hátt og útgerðarmaðurinn. Útgerðarmaðurinn stingi engum greiðslum undan skiptum og í eigin vasa. Engin viðskipti með kvóta eigi sér stað, engar greiðslur gangi á milli manna. Þátttaka sjómanna í kvótakaupum sé ekki fyrir hendi.

Sjómannasamtökin byggi mál sitt á því að til viðbótar verði á aflanum úr kvótatonni fiskkaupandans, þá eigi einnig að meta kvóta fiskkaupandans til verðs og bæta verðmæti kvótans á kvótamarkaði við fiskverðið. Þar með sé komið heildarverðmæti aflans.

Í dæminu, sem áður var nefnt, var fiskverðið pr. kg 115 kr., en verð á kvóta á kvótamarkaði 80 kr. eða samtals 195 kr. En þar sem fiskverðið sé þá orðið miklu herra en verð á afla úr eigin kvóta, þ.e. 145 kr., þá gangi dæmið ekki upp. Þá sé gripið til þess ráðs í túlkun sjómannasamtakanna að skipta kvótaverðinu í tvennt og hækka bæði tonn útgerðar og tonn fiskkaupandans, þ.e. aflaverðmætið um 40 kr. Samt sem áður verði fiskverðið herra en úr eigin kvóta eða 155 kr. Hvernig megi það vera.

Fyrst meta eigi að mati sjómannaforystunnar verðmæti kvóta fiskkaupandans og bæta áætluðu söluverði kvótans á kvótamarkaði ofan á fiskverðið og telja það heildarverðmæti aflans, þegar veitt er tonn á móti tonni, þá hljóti að eiga að gera það sama þegar kvótalaust skip veiði alfarið af veiðiheimildum fiskkaupandans. Kvóti



hans hljóti líka í þeim tilvikum að vera metinn til verðs sem hluti greiðslu fiskverðsins sem útgerðin stingi undan. Gefi maður sér að þeir kvótalausn, sem veiða alfarið af kvóta fiskkaupandans, fái 85 kr. fyrir aflann þá væri heildarverðið að viðbættu kvótaverðinu 165 kr. En hafi ekki verðið úr eigin kvóta verið 145 kr.? Hvar sé þátttaka sjómanna í kvótakaupum í þessum tilvikum kvótalausra skipa?

Staðreyndin sé sú, að það að veiða fyrir þriðja aðila, þ.e. kvóta sem hann á og verkar aflann úr, sé ekki sameiginleg kvótakaup, enda greiði sjómenn á viðkomandi skipi ekkert fyrir veiðiheimildirnar og ekkert sé af þeim tekið. Það að helmingur veidds afla sé af veiðiheimildum þriðja aðila, hafi eðlilega áhrif á það fiskverð sem í boði er. Tonn á móti tonni snúist alfarið um ákvörðun fiskverðs og ekki neitt annað. Menn geti ekki bæði veitt fisk og fengið greiðslur fyrir og að því búnu selt kvótann og bætt andvirði kvótans við fiskverðið.

Þrátt fyrir að fiskverð sé frjálst og fiskseljandi og kaupandi semji um fiskverð, þá geti skipverjar, ef þeir eru óánægðir með það fiskverð sem í boði er, skotið máli sínu til úrskurðarnefndarinnar sem úrskurði um réttmætt fiskverð í viðkomandi tilviki. Í nokkrum þeirra úrskurða sem fallið hafa, hafi fulltrúar sjómanna fullyrt að meint viðskipti með veiðiheimildir hafi haft áhrif til lækkunar fiskverðs. Hafi slíkt ekki haft nein áhrif á úrskurði nefndarinnar sem horfi eingöngu til fiskverðsins sjálfs en ekki hverjar séu forsendur þess. Voru kr. 115 pr. kg óeðlilega lágt rækjuverð? Um það snúist þetta mál. Hvorki útgerð né áhöfn hafi brotið í bága við ákvæði kjarasamninga né laga með því að samþykkja það verð fyrir rækju-aflann. Mál þetta snúist um ákvörðun fiskverðs og ekkert annað.

#### *Niðurstaða.*

Í málinu liggur fyrir að stefndi, Sæberg hf., fékk greitt fyrir afla með peningagreiðslu og auk þess aflamark frá fiskkaupandanum. Var um svonefnd tonn á móti tonni viðskipti að ræða. Við uppgjör á aflahlut var miðað við greiðslu í peningum en verðmæti móttækans aflamarks ekki reiknað með. Til úrlausnar er hvort þessi aðferð brjóti í bága við eftirfarandi ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningi aðila:

„Um sölu afla innanlands.

Yfirmönnum skal tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og

aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði.

#### I. Almenn.

Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn, lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum, . . .“

Hér er bæði til skoðunar hvort uppgjörsaðferð stefnda feli það í sér að yfirmönnum sé ekki tryggt hæsta gangverð og að yfirmenn taki þátt í útgerðarkostnaði vegna kaupa á veiðiheimildum.

Fram hefur komið í málinu að nefnd tonn á móti tonni viðskipti leiði almennt til lægra fiskverðs. Stefndi heldur því fram að fiskkaupandinn útvegi útgerð skips og áhöfn viðbótarveiðiheimildir til þess að hægt sé að halda skipi lengur til veiða. Á móti sé fiskkaupandinn ekki reiðubúinn til að greiða jafnhátt verð fyrir aflann, sem hann kaupir eins og hann mundi gera, ef veitt væri alfarið af eigin kvóta skips. Þær veiðiheimildir sem fiskkaupandinn leggi til séu verðmæti sem hann eigi og vilji þar að leiðandi fá eitthvað fyrir sinn snúð. Þetta komi fram í lægra verði, sem hann sé tilbúinn til að greiða fyrir aflann. Telur stefndi að málið snúist ekki um kvótakaup heldur alfarið um forsendur fyrir ákvörðun fiskverðs sem sé frjálst. Fram kom í málflutningi, að stundum komi tvö tonn frá fiskkaupanda á móti hverju tonni sem útgerðarmaður selur honum og dæmi séu um að þrjú tonn komi á móti hverju einu tonni. Hafi það að sama skapi áhrif til lækkunar á verði og lægst sé verðið gjarnan þegar fiskkaupandi leggur skipi til allan kvótann.

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 416/1994, uppkveðnum 15. febrúar 1996, var því slegið föstu að það sé meðal grundvallaratriða kjarasamnings að útgerðarmaður ráði því að öðru jöfnu, hvert og hvernig skipi hans sé haldið til veiða. Jafnframt eigi hann að bera kostnað og áhættu af útgerð skipsins og verði kostnaðarþættir varðandi úthald skipsins og löndun á afla ekki lagðir á skipverja umfram það, er á sé kveðið í samningum. Kemst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu, með vísan til laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, að líta verði svo á að kostnaður útgerðarmanns af kaupum á aflamarki hafi

átt að teljast til útgerðarkostnaðar í þeim skilningi sem við var miðað í kjarasamningi.

Ljóst er að í viðskiptum stefnda og viðkomandi fiskkaupanda hefur stefndi fengið í sinn hlut verðmæti í formi aflamarks auk beinnar peningagreiðslu fyrir afla. Þetta aflamark flutti stefndi yfir á skip sitt með tilkynningu til Fiskistofu og var þar með opinberlega skráður réttthafi aflamarksins. Flutningur á aflahlutdeild og aflamarki milli skipa lýtur ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar nr. 405/1994 sem gildi um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995 þegar umrædd viðskipti áttu sér stað. Skyld er að tilkynna Fiskistofu fyrirfram um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofan hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn. Í 10. gr. nefndrar reglugerðar er fjallað nánar um flutning aflamarks undir yfirskriftinni framsal og sameining veiðiheimilda. Skráning aflamarks á skip er undirstaða eftirlits með veiðum og viðskiptum með sjávaraflla. Veiðileyfi, aflahlutdeild og aflamark er bundið við skip og ljóst að útgerðarmaður þess ráðstafar þessum réttindum og ber skyldur, meðal annars samkvæmt lögum nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólögðs sjávaraflla. Hefur útgerðarmaður skips val um það, í samræmi við lög nr. 38/1990, hvort hann gerir skip sitt út til veiða á þessu aflamarki eða ráðstafar því til þriðja manns, en alkunna er að aflamark gengur kaupum og sölum á því verði sem fæst fyrir það á hverjum tíma eða því er skipt fyrir aflamark í öðrum tegundum. Þessi réttindi öðlaðist stefndi, Sæberg hf., vegna skipsins Hvannabergs ÓF-72 við umrætt framsal aflamarks í viðskiptum við fiskkaupandann. Verður að telja að réttaráhrifum þessara viðskipta megi öldungis jafna við bein kaup á aflamarki eins og tilfellið var í umræddum dómi Hæstaréttar. Verður skipverja ekki gert að taka þátt í kostnaði af beinum eða óbeinum viðskiptum sem jafna má til kaupa á aflamarki nema kveðið sé á um það í lögum eða kjarasamningum.

Grein 1.03. í kjarasamningi aðila skuldbindur útgerðarmann sem fyrr segir til að tryggja yfirmanni hæsta gangverð. Viðskiptaaðferð stefnda og fiskkaupanda hans felur það í sér að heildarverðmæti afla sem stefndi miðaði uppgjör til hlutaskipta við er lægra en ella og kemur því minna til skipta.

Með hliðsjón af öllu framansögðu er það niðurstaða dómsins að aðferð stefnda í viðskiptum við fiskkaupandann og eftirfarandi upp-

gjör aflahluts yfirmanna brjóti í bága við nefnd ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningi aðila sem skyldar stefnda til að tryggja yfirmönnum hæsta gangverð og leggur bann við því að þeir taki þátt í útgerðarkostnaði vegna kaupa á veiðiheimildum.

Í málinu gerir stefnandi kröfu til þess að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt grein 1.53. í kjarasamningi aðila. Með hliðsjón af eðli ágreinings aðila og forsögu málsins þykja engin efni til að taka sektarkröfu stefnanda til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 200.000 að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., telst hafa brotið gegn grein 1.03. í kjarasamningi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna með því að taka ekki tillit til verðmætis móttækis aflamarks fyrir seldan afla við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis.

Stefndi greiði stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands vegna Skipstjóra og stýrimannafélags Norðlendinga, 200.000 kr. í málskostnað.

#### **S é r a t k v æ ð i** **Valgeirs Pálssonar.**

Krafa stefnanda felst aðallega í því að fá viðurkennt með dómi, að stefndi hafi brotið gegn grein 1.03. í kjarasamningi aðila með því að hafa lagt til grundvallar rangt aflaverðmæti við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis. Í stefnu eru nánar tilgreind þau samningsákvæði, sem stefnandi telur stefnda hafa brotið. Ákvæðin hljóða svo:

„Um sölu afla innanlands.

Yfirmönnum skal tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði.

I. Almennt.

Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess um-

boð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæst gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum. . .“

Síðasta setning hinna tilgreindu samningsákvæða hljóðar svo í fullri lengd í kjarasamningnum: „Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1986, sbr. 10. gr. laga nr. 79/1994 um breytingu á lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun með síðari breytingum.“

Það tilvik, sem aðilar deila um í máli þessu, er í hnotskurn þannig: 74.234 kg af iðnaðarrækju var landað úr Hvannabergi ÓF-72 þann 23. apríl 1995. Útgerð skipsins, Sæberg hf., fékk greiddar 115 krónur fyrir hvert kg, eða 8.536.910 krónur. Einnig voru yfirfærð til útgerðarinnar 37.117 kg af aflamarki í úthafsækju úr hendi kaupandans. Yfirfærslan var skráð hjá Fiskistofu þann 29. maí 1995. Við skipti til áhafnar komu til úthlutunar fyrir aflann 8.536.910 krónur. Að áliti stefnanda hefur verðmæti þess aflamarks, sem útgerðin fékk úr hendi kaupanda ekki komið til skipta og brjóti það í bága við hin tilgreindu ákvæði kjarasamningsins. Að áliti stefnda er hið yfirfærða aflamark ekki greiðsla fyrir landaðan afla. Heldur sé um að ræða, að fiskkaupandi útvegi helming þeirra veiðiheimilda, sem nýta þurfti til að veiða umræddan afla. Þannig hafi aflinn að hálfu leyti verið veiddur af veiðiheimildum í eigu útgerðarinnar og að hálfu leyti af veiðiheimildum í eigu kaupandans. Þetta fyrirkomulag hafi síðan haft áhrif á það fiskverð, sem kaupandi var tilbúinn að greiða fyrir landaðan afla.

Ágreiningsefni aðila í máli þessu snýst um sölu afla útgerðar til óskylds aðila. III. kafli í grein 1.03. í kjarasamningi fjallar um ráðstöfun afla í skiptum milli óskyldra aðila. Í 1. mgr. III. kafla segir svo, orðrétt: „Þegar afli er seldur milli óskyldra aðila, skal skipt úr því verði sem fyrir aflann fæst hverju sinni, sbr. 1. mgr. I. kafla. Ef afli er seldur beint milli óskyldra aðila án milligöngu innlendra eða erlendra fiskmarkaða, getur áhöfn krafist samnings um uppgjörverð fyrir þann afla.“ Í 2. mgr. er fjallað um heimild til að skjóta ágreiningu til úrskurðarnefndar, ef ekki tekst samkomulag um upp-

gjörsverð, sem getið er um í 1. mgr. Önnur ákvæði í grein 1.03. í kjarasamningnum hafa ekki þýðingu fyrir úrslit máls þessa.

Í málinu liggja ekki fyrir nein óræk gögn um verð fyrir iðnaðar-rækju í öðrum viðskiptum á sama svæði um það leyti, sem Sæberg hf. seldi hinn umdeilda afla. Hefur því ekki verið sýnt fram á, að útgerðin hafi í umrætt sinn ekki tryggt yfirmönnum hæsta gangverð við sölu aflans eins og útgerð er skylt að tryggja skv. fyrri málslið upphafsákvæðis í grein 1.03. í kjarasamningnum. Um leið verður heldur ekki talið, að útgerðin hafi brotið gegn 2. málslið 1. mgr. I. kafla kjarasamningsins, enda er sá málsliður efnislega samhljóða fyrri málslið upphafsákvæðisins í grein 1.03.

Aðila greinir á um það hvort með yfirfærslu aflamarks frá kaupanda til útgerðar felist yfirfærsla á verðmætum, sem eigi að koma til skipta fyrir aflann. Með slíku fyrirkomulagi felst ekki að verið sé að draga frá kostnað vegna útgerðar, þ.m.t. kostnað vegna kaupa á aflamarki, áður en skiptaverðmæti er ákveðið. Af þeirri ástæðu verður ekki talið, að útgerðin hafi brotið gegn síðari málslið upphafsákvæðisins í grein 1.03.

Þegar athugað er hvort útgerðin hafi í umrætt sinn brotið gegn 3. málslið 1. mgr. I. kafla grein 1.03. verður að skoða málsliðinn í heild. Bann við að draga kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum frá heildarverðmæti afla verður að skýra í samræmi við 1. gr. laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, sbr. 10. gr. laga nr. 79/1994 um breytingu á þeim. Það fer því eftir túlkun laganna hvert eigi að vera heildarverðmæti afla til hlutaskipta. Með hliðsjón af úrskurði Félagsdóms frá 27. september 1996 í máli nr. 10/1996, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 15. október s.á. (mál nr. 378/1996), fellur ágreiningur um lagatúlkun, eins og hér um ræðir, ekki undir valdsvið Félagsdóms. Að auki verður að skýra umrætt ákvæði í samræmi við 1. mgr. í grein 1.02. í kjarasamningnum um að skiptaverðmæti aflans fari skv. lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins ásamt síðari breytingum. Kröfu um að stefndi hafi brotið gegn þessum málslið ber því að vísa frá Félagsdómi.

Önnur ákvæði í grein 1.03. í kjarasamningi aðila koma ekki til álita, þegar metið er hvort fyrrgreind ráðstöfun á aflamarki brjóti gegn greininni. Að öllu þessu virtu verður ekki talið að Sæberg hf., útgerð Hvannabergs ÓF-72, hafi brotið gegn grein 1.03. í kja-

samningnum að því leyti sem krafa stefnanda kemur til álita hér fyrir dómi. Af þessu leiðir að ekki ber að taka til greina kröfu stefnanda um að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar.

Atkvæði mitt verður því að sýkna beri stefnda í máli þessu af öllum kröfum stefnanda að því undanskildu að kröfu um viðurkenningu þess, að stefndi hafi brotið gegn 3. málslíð 1. mgr. I. kafla í grein 1.03. skal vísa frá Félagsdómi. Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað.

---